

Nr. 068 / 11 Mar GK 21**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7050
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Yanmar 213 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 1



Mar©Guðmundur Birkir Aegnarsson

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. júní 2011 var Mar GK 21 á leið út frá Grindavík. Veður: NA 6-8 m/sek. og ölduhæð 2,1 m.

Þegar báturinn var kominn rétt út fyrir höfnina stöðvaðist vélin. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og björgunarbátur frá Grindavík dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að óhreinindi voru í olíuleiðslu og stíflaði hana. Tankurinn hafði nýlega verið hreinsaður en leiðslunum þá sleppt.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.